



Formannafundur haldinn 16. febrúar 2004 kl.20:00 að Hringbraut 108.

Mættir:

Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir, Sveinn, Guðjón og Bjarney frá aðalstjórn. Hrannar (karfa), Klemenz (sund), Sesselja (badminton), Ella Magga og Jónína (fíml.), Rúnar (knattsp.), Ásgeir (skot), og Sigursteinn (taekwondo).

Formaður félagsins bauð menn velkomna þriðja formannafund á starfstímabilinu.

### **1. Stutt yfirlit um starfsemi deilda og aðalstjórnar.**

Ásgeir (skot) sagði frá málefnum skotdeildar, deildin er á góðu róli og starfar ötullega í sínum málum.

Klemenz (sund) skýrði frá starfsemi sunddeildar, fór hann yfir helstu lágmörk hjá sundiðkendum og sagði frá því að tveir einstaklingar væru búnir að ná lágmörkum á ólympíuleika. Tveir aðrir iðkendur væru ekki langt frá lágmörkum. Árni Sigfússon bæjarstjóri RNB kom á aðalfund deildarinnar og kynnti 50 metra innlaug sem byrjað verður á í haust. Deildin tekur þátt í verkefninu frístundarskóli RNB. Aukning er á iðkendum hjá deildinni.

Sesselja (badminton) fór yfir málefni badmintondeildar, búið að mynda nýja stjórn og starfsemin komin á fullt. Framundan er Íslandsmeistaramót unglunga og er allt á fullu hjá deildinni vegna þess. Fækkun á iðkendum en ekki mikil. Búið er að ráða Sigurður Þorsteinsson sem þjálfara. Sesselja sagði að deildin gæti þurft að fara í stríð við aðrar deildir vegna tímaúthlutunar þar sem deildin er með sína tíma á kvöldin og iðkendur eru ungir að árum.

Ella Magga (fímléikar) skýrði frá starfsemi fímléikadeildar, starfsemin er í fullum gangi. Deildin er í samstarfi við frístundarskóla RNB. Boðið er upp á drengja hóp og eru 10 drengir að iðka fímléika í dag.

Rúnar (knattspyrna) skýrði frá starfsemi knattspyrnadeildar, mikill kostnaður við fargang á ársreikningi. Verið að skoða með leikmannamál og lýtur vel út með það. Framkvæmdastjóra vikið úr starfi nýlega vegna alvarlegs trúnaðarbrests. Yngri flokkum hefur gengið vel á mótum undanfarið og er útliðið bjart framundan og spennandi að fylgjast með því sem framtíðin ber í skaut sér.

Sigursteinn (taekwondo) fór yfir málefni taekwondodeildar, gegnið hefur vel á mótum og kraftur í starfseminni. Þjálfaramál hafa ekki verið sem skyldi. Helgi Rafn hefur verið fengin til að þjálfra. Aukning er á iðkendum aftur en þeim hafði fækkað vegna að ekki var haldið nægilega vel utan um deildina, en það stendur til bóta. Búið er að boða til kynningarfundar meðal foreldra sem haldin verður 19. feb. í félagsheimili okkar. Á fundinum verður íþróttin kynnt og gerð tilraun til að fá foreldrar inni starfið svo sem að skipa stjórn deildarinnar en þau mál eru ekki í réttum farvegi.

Hrannar (karfa) skýrði frá starfsemi körfuknattleiksdeildar, evrópukeppnin er lokið og eru menn sáttir með árangurinn. Aukning er á iðkendum og bjart yfir deildinni. Tvöfaldir bikarmeistarar í karla og kvenna. Fundarmenn óska deildinni til hamingju með árangurinn. Úrslitakeppnin er framundan og bíða menn spenntir eftir útkomunni þar. Yngriflokkar hafa staðið sig vel í mótum undanfarið og eru að gera betur en undan farin ár.

Einar skýrði frá starfsemi aðalstjórnar, framundan er aðalfundur félagsins en hann er 29. febrúar kl. 14:00 og er haldinn í félagsheimili félagsins. Verkefni eru samkvæmt venju þ.e. 17. júní hátíðarhöld, íþrótt- og leikjaskóli, fréttabréf og jólablaðið. Framtíðarnefnd var skipuð til að fara yfir framtíðarsýn félagsins til næstu

10 ára of skipaði hver deild einn fulltrúa og aðalstjórn einn Skúli. Þ Skúlason var fengin til að taka aðsér formensku í nefndinni. Nefndin skilar skýrslu á aðalfundinum.

frh

Formannafundur haldinn 16. febrúar 2004 kl.20:00 að Hringbraut 108.

## **2. Skipting stjórna deilda.**

Einar minnti fulltrúa deilda á að gera skil á þeim stjórnarmönnum sem nú eru starfandi í deildum þ.e. stöðu, nafni, heimilisfangi, símanúmerum og netfangi eigi síðar en 14 mars.

## **3. Landsmót UMFÍ á Sauðárkróki 8. – 11. júlí 2004.**

Einar fór yfir keppnisgreinar á mótinu. Dreyfði gögnum varðandi landsmótið. Hvatti deildir til þátttöku í þeim greinum sem keppt væri í. Einar sagðist sjá fyrir sér að félagið gæti verið með fjölmennt lið á landsmótinu. Ef við fjölmennum á landsmótið þá þurfum við stórt tjald sem væri samastaður fyrir okkar keppendur slíkt myndi skapa góðan liðsanda og sýna að við værum öflugt íþróttafélag. Ákveðið að stofna landsmótsnefnd. Deildir tilkynni einn fulltrúa til framkvæmdastjóra fyrir 14. mars 2004.

## **4. Útdeiling á fjármagni félagsins til deilda.**

Einar kynnti tillögum varðandi útdeilingu á fjármagni félagsins og óskaði eftir viðbrögðum fundarmanna. Tillagan eru um að deila út lottói 2003 sem kom frá UMFÍ og ÍSÍ (en hlutur ÍSÍ kemur í gegnum ÍRB) til deilda. Með tillögunni fylgir greinagerð. Fundarmenn lýstu yfir ánægju sinni fyrir skiling aðalstjórnar og það traust sem aðalstjórn sýnir deildum með þessari tillögu. Samþykkt að leggja tillöguna fyrir aðalfund og að fundarmenn formannafundar væru flutningsmenn tillögunar.

## **Tillaga**

Aðalfundur KEFLAVÍKUR íþrótt- og ungmennafélags haldinn sunnudaginn 29. febrúar 2004 í félagsheimili Keflavíkur að Hringbraut 108 samþykkir að veita aðalstjórn félagsins heimild til að greiða út til deilda lottó sem félagið fékk frá UMFÍ og ÍSÍ (ÍRB) fyrir árið 2003. Upphæðin er 5.362.049 krónur sem tekið er úr sjóðum félagsins. Aðalstjórn er falið að deila upphæðinni til deilda félagsins miðað við iðkendafjölda. Þær deildir sem skulda til aðalstjórnar verður borgað út 50% í peningum en skuldajafnað að 50%.

Greinagerð:

Aðalstjórn hefur verið að selja fasteignir sem félagið átti og er staða félagsins nokkuð sterk peningalega en hafa skal það í huga að aðalstjórn er ábyrg fyrir öllum skuldum í deildum félagsins. Að mati aðalstjórnar má efnahagsleg staða aðalstjórnar ekki vera það veik að vafi leiki á að félagið eigi fyrir skuldum. Því er hér um einstaka aðgerð að ræða. Aðalstjórn hefur hins vegar ekki það að markmiði að safna lausafé og getur vel fallist á að hagnaður aðalstjórnar hvers árs sé greiddur til deilda í byrjun næsta árs eftir fyrirframákveðinni aðferð sem formannafundur leggur til.

Flutningsmenn

Formannafundur haldinn 16. febrúar 2004 kl.20:00 að Hringbraut 108.

**5. Önnur mál.**

Einar sýndi nýjan göngufána og bauð deildum að fá sér fána á kostnað aðalstjórnar.

Samþykkt að kaupa sjö fána handa deildum.

Einar gaf orðið laust eingin hvatti sér hljóðs og fundi því slitið.

Fleira ekki gert fundi slitið kl:22:00